

VÍSIR
DAGBLAÐ

Útgefandi:
BLAÐAÚTGÁFAN VÍSIR H.F.
Ráðgjafar: Kristján Guðlaugsson,
Hersteinn Pálsson.
Skrifstofa: Félagsprentsmiðjumi
Afgreiðsla Hverfisgötu 12
(gengið inn frá Ingólfsstræti).
Símar: 1660 (fimm línur).
Verð kr. 4,00 á mánuði.
Lansasala 35 aurar.
Félagsprentsmiðjan h.f.

Lyfjafræðilöggjöf U.S. ein hin fullkomnasta í heimi.

Bandaríkjaþjóðin vill kynast Íslandi og Íslendingum.

Viðtal við Matthias Ingibergsson lyfjafræðing.

Fyrir nokkru komu lyfjafræðingarnir Kjartan Jónsson, Sigurður Ólafsson og Matthias Ingibergsson heim frá Bandaríkjunum þar sem þeir hafa stundað framhaldsnám um eins árs skeið, við elzta lyfjafræðiskóla Bandaríkjanna, The College of Pharmacy and Science í borginni Philadelphia í Pennsylvaníaríki. Vísir hefir haft tal af Matthias Ingibergssyni og innt hann eftir dvöl og námi þeirra félaga þar vestra og skýrði hann frá á þessa leið:

— Við ameríska háskóla í lyfjafræði eins og Phila. College of Pharmacy er námið bæði itarlegt og viðtækt og færir nemendum þekkingu á öllum nýjungum jafnskjótt sem þær gerast. Það er álit okkar, að mikils virði sé fyrir þessa þjóð, að námsmenn hennar sækji þangað, sem forystan er á nær öllum sviðum svo sem verði hefir á sviði læknavísindanna í Bandaríkjunum a. m. k. á seinustu árum.

Siðan matvæla- og lyfja-löggjöfin ameríska var sett laust eftir 1931 hefir lyfja- og matvælafræðingurinn tekið risafræðingurum. Þessi löggjöf er sögð sú fullkomnasta og strangasta sinnar tegundar í heimi en vegna þess, að hún gefur öllum jafnan rétt til athafna á þessu sviði undir strangri gagnrýni hins opinbera hefir hún skapað völdug fyrirtæki, sem stefna fyrst og fremst að vísindalegri fullkomnun með almenningsheill fyrir augum.

Nokkurum þessara fyrirtækja gaf skólinn okkur kost á að kynast enda vinnur hann í hánu sambandi við mörg þeirra og við stofnanir ríkisins.

Annars er lyfjafræðinamið vestra með nokkuru öðru sniði en hér er. Hér stundum við nám um þriggja ára skeið í lyfjabúðum og síðan tveggja ára nám í lyfjafræðiskóla utanlands. Fram að núverandi styrkjöld sóttu nær allir íslenskir lyfjafræðinemendur framhaldsnám sitt til lyfjafræðiskólans í Kaupmannahöfn. Í Bandaríkjunum er náminu svo hátt, að nemendur stunda lyfjafræðiskóla í fjóra yetur og vinna í lyfjabúðum á sumrin. Vegna náms okkar félaganna hér heima þurftum við ekki að taka nema tvo efstu bekk skólans og lukum þeim á skemmri tíma en venjulega vegna þess að skólinn starfar nú allt árið um kring síðan stríðið hófst.

Professorar skólans veita forstöðu framkvæmdanefnd lyfjaskrárinnar amerísku (Pharmacopea) og semja einnig lyfseðlasafnið (Dispensatory). Einnig standa þeir

eru flutt inn jafnöldum og nota skal. Ef stöðvum yrði á þeim aðflutningi mundu iðnfyrirtækin verða að loka unnvörpum og þúsundir iðnverkfólks missa atvinnuna.

Þetta eru hinar beinu afleiðingar. Þær hljóta að gefa flestum ærið umhugsunarefni þessa dagana, þegar blað kommúnistanna reynir af öllum mætti að kynda bál ófriðar í vinnuálum höfuðstadarins — og aðeins ein vika eftir þangað til verkfallið getur skolið yfir.

framarlega í samtökum lyfjafræðingafélagsins ameríska (forseti félagsins síðastliðið ár var skólastjóri skólans) enda eru þeir viðurkenndir lærdómsmenn hver á sínu sviði.

Hvernig gæti ykkur að amerísku þjóðinni yfirleitt?

„Því verður ekki neitað, að við komum vestur um haf með margskonar kynlegar hugmyndir í hennar garð sem við höfðum aflað af sögusögnum og kvikmyndum og viðkyrningum við setuliðið hér áður en við fórum utan. En þær hugmyndir voru sannarlega fljótar að breytast, því að yfirleitt eru ameríkumenn vingjarnleg og umgengnisgott fólk og eg held að enginn okkar geti neitt nema gott um þá borið.“

Við félagar vorum upphaflega fjórir saman auk konu Kjartans, Sigriðar Ólafsdóttur, sem fór utan með manni sínum, en síðar bættust þeir í hópinu Ívar Danielsson og Sigurður Jónsson. Þeir ljúka námi í sumar.

Sigurður Magnússon, sem ásamt okkur þremmenningunum lauk prófi í október síðastliðnum, stundar nú framhaldsnám í lyfjafræði í verksmiðjum Squibb í Brooklyn.

Samheldni meðal landa vestra er mikil og urðu margir landa til að heimsækja okkur.

Við vorum svo heppin að kynast vestur-Íslendingum frá Norður-Dakota. Voru það synir séra Haraldar Sigmar á Mountain. Annar þeirra Haraldur lauk guðfræðinami í Philadelphia og hélt hann þar heimili með konu sinni Ethel Kristjánsdóttur, systur og mágkonum tveim meðan á námi hans stóð, en bróðir hans Eiríkur býr sig undir guðfræðinám í Gettysburg, Pa. Fyrir forgöngu þessa ágæta fólks var okkur félögum öllum boðið í 12 daga sumarleyfi okkar til Íslandabyggðanna í Norður-Dakota. Var okkur tekið þar af mikilli alúð og höfðinglyndi og hreinræktari íslenskrir gestrisni og varð dvöl þar okkur félögum sannakallað æfintýr.

Við urðum á ýmsan hátt varir þess að Ameríkumenn vildu kynast landi okkar og þjóð. Og margskonar furðulegar hugmyndir gátum við leiðrétt, en í sambandi við dvöl hersins hér á landi hefir samt þekking Ameríkumanna á okkur og landinu aukizt. Við félagar vorum látnir flytja fyrirlastra í skóla og útvarpi um landið, þjóðina og bókmenntrir okkar.

Auk þess flutti Sig. Ólafsson og Sig. Jónsson fyrirlestur með íslenskri kvikmynd í alþjóðahúsi stúdenta í Philadelphia.

Að endingu get eg ekki látið hjá líða að biðja Vísi að lýsa þakklæti okkar í garð starfsmanna íslenskra ríkisins í Bandaríkjunum og ekki hvað síst í garð íslensku sendisveitarinnar í Washington. Hvenær sem var gátum við félagar leit að aðstoðar þeirra og ávallt fengum við skjóta, alúðlega og örugga aðstoð. Sömu sögu held eg að allir Íslendingar sem vestur koma hafi að segja. Og við félagarnir munum seint gleyma þeirri gestrisni og vináttu, sem við áttum að mæta á heimili sendiherrans og konu hans.

Mjög mikið hefir verið af útlendingum í skóla þeim sem við stunduðum nám við og hefir skólinn því haft mikil kynni af erlendum sendisveitum en skólastjórnin sagði okkur félagum, að hjá engri sendisveit hefði hann mætt jafn mikilli þekkingu á málum stúdenta sem þeirri íslensku né líkað betur að skipta við.

Er vel farið að við Íslendingar eigum svo góða fulltrúa hjá Bandaríkjaþjóðinni.

7 milj. kr. óhagstæðri verzlunarjöfnuður.

Verzlunarjöfnuðurinn við útlönd varð óhagstæður um 7 milljónir króna í janúarmánuði síðastlið.

Á sama tíma í fyrra varð verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 15,7 millj. kr.

Í janúarmánuði í ár nam verðmæti innfluttrar vöru 14,7 millj. kr. og útluttrar vöru 7,7 millj. kr., en á sama tíma í fyrra nam verðmæti innfluttrar vöru 22,7 millj. kr. og útluttrar 7 millj. kr.

Leikkona heiðruð á Akureyri.

Einkaskeyti til Vísis.

Leikfélag Akureyrar minntist í gærkveldi 60 ára afmælis frú Svövu Jónsdóttur, leikkonu, með samkomu í samkomuhúsinu.

Flutti Steindór Steindórsson, kennari, erindi um leikferil frúarinnar. Síðan var sýndur nýr gamanleikur í einum þætti, þar sem frúin lék aðalllutverkið. Þá var sýndur 2. þáttur úr Franska ævintýrinu, með frú Svövu í hlutverki ómmunnar, en hljómsveit lék milli leikþátta.

Frúnni bárust blómvendur í leiklok. Var hún köllum fram og hyllt af áhorfendum. Húsið var troðfullt. Job.

Raddir almennings

Scrutator:

Kaffibætur.

Húsmæðurnar kvarta sáran undan kaffibættiskorti, og það er náttúrulega lítil huggun, þótt ég og aðrir sérvertingar telji þessa vöru ekki til bæfis, heldur til spillis góðu kaffi. Allur kaffibætur, sem neytt er hér á landi, er nú orðið framleiðing innanlands, en hann er eingöngu gerður úr aðfluttum efnum, mest úr rötum svonefndrar *sikoríu* (cichorium intybus), sem rektuð er viðsvegar um Evrópu og Ameríku vegna blaðanna, sem borðuð eru sem salat, og röturinnar, sem kaffibæturinn er unninn úr: Enda þótt þessi jurt þyki víða illgresi í Ameríku, þá er hún þó víða rektuð þar, en að þessu sinni hefir uppskeran brugðizt hrapallega. Þó mun Viðskiptaráðið hafa tekið að festa kaup á nokkrum smálestum, sem unnið verður úr. Má

búast við að nokkuð komi á markaðinn innan skamms, en sumar tegundir eru brenndar á þann hátt, að þær eru ekki tilbúnar til neyzlu fyrr en eftir nokkra mánuði, og munu þær ekki geta komið á markaðinn fyrr en með vorinu. En hætt er við að skortur geri vart við sig að meira eða minna leyti fram til næsta hausts. Áður fyrr voru flíflarætur brenndar til kaffibætis, og mun að visu vera hægt að nota þær til að drýgja sikoríurnar, þótt bragðið sé nokkuð frábrugðið, en gallinn er bara sá, að flíflarætur myndu kosta ókjörin öl, ef kaupa ætti þær við því verði, sem hæfa myndi vinnulaunum hér á landi, og er það raunar um þetta eins og fleira, að miklu ódýrara er að kaupa ræktaðar afurðir frá útlöndum en að greiða fyrir tínslu villijurta heima fyrir.



Íslensku lyfjafræðingarnir í Philadelphiaskólanum hlýða á útsýringar kennarans.

Ein vika.

Nú, þegar slitið hefir verið fírið í atvinnuálagnum, verður mörgum sú spurning í hug, hver beri ábyrgðina á þeim ófyrirgjaflegum afleiðingum, sem verkfall hefir í för með sér.

„Dagsbrún“ er stærsta verkamannafélag landsins. Það hefir að vissu leyti forgöngu um kaupkröfur vegna þeirrar sterku aðstöðu, sem það hefir í höfuðstaðnum. Önnur fél. sigla svo í kjölfarið þegar Dagsbrún hefir brotið isinn. Þannig hefir það verið og þannig verður það. Kaupkröfur félagsins ná því lengra en til atvinnulífsins í Reykjavík. Þær hafa áhrif um allt land og mundu koma af stað almennri kauphækkun og því vaxandi verðbólgu í flestum greinum.

Þegar sagt er upp vinnusamningum sem ná til margra þúsunda manna og áhrif hafa á afkomu mikils hluta þjóðarinnar, hlýtur sa aðillinn, sem samningunum segir upp, að gera sér ljóst hverjar afleiðingarnar geta orðið ef nýjir samningar takast ekki. Því hættulegir sem afleiðingarnar geta orðið, því stórkostlegri nauðsyn verður að vera fyrir uppsögninni. Fyrst og fremst verður sú nauðsyn að vera viðurkennd af öllum sem að uppsögninni standa og síðan af almenningi, ef málstaðurinn á að geta sigrað.

Mönnum verður á að spyrja hvort Dagsbrúnarmenn séu sjálfir einhuga og allir sammála um þessa nauðsyn. Atkvæðagreiðslan virðist ekki benda til þess og margir álíta, að félagsmenn skiptist mjög í tvö horn í þessu máli. Þegar svo er, þarf ekki mörgum getum að leiða að því hvar almenningsálitid skipar sér. Almennitur á meira undir slíkrí kaupdeilu en flestir gera sér ljóst.

Ef til þess kæmi, að Dagsbrún færi nú að vilja kommúnista og fyrirskipaði hafnarverkfalli í Reykjavík, ef kröfurnar næði ekki fram að ganga, þá mundi hefjast hér dýrasta verkfall sem nokkurur sinni hefir háð verið hér á landi. Helmingur togaraflorens mundi stöðvast og sjómennirnir sem á þeim tíma vinna nú og hafa 30—70 þús. króna árslaun, mundu verða að fara í land, þegar aðalvertið er að hefjast. Engar samgöngur mundu verða við aðrar hafnir landsins, en Reykjavík er nú eins og kunnugt er aðalumskipunarhöfnin fyrir flestar aðfluttra vörur. Skortur mundi gera vart við sig um allt land á ýmsum nauðsynjum. Þótt þetta sé æði athyglisvert þá er þó alvarlegasta afleiðingin sú, að allir vöruflyttingar til landsns mundu stöðvast. Af matvörum eru venjulegar birgðir í landinu til 3—4 mánaða, svo að lítið má út af bera til þess að þær birgðir gangi ekki til þurrðar. Skepnufóður er flutt jafnöldum og þarf að nota það. Ef sá aðflutningur stanzar, gæti það haft ægilegar afleiðingar eins og nú standa sakir með hey og fóður yfirleitt í landinu. Hráefni til iðnaðar

er flutt inn jafnöldum og nota skal. Ef stöðvum yrði á þeim aðflutningi mundu iðnfyrirtækin verða að loka unnvörpum og þúsundir iðnverkfólks missa atvinnuna.

Þetta eru hinar beinu afleiðingar. Þær hljóta að gefa flestum ærið umhugsunarefni þessa dagana, þegar blað kommúnistanna reynir af öllum mætti að kynda bál ófriðar í vinnuálum höfuðstadarins — og aðeins ein vika eftir þangað til verkfallið getur skolið yfir.

Lögur

(Light fluid)

á vindla- og sigarettukveikjara er komið.

BRISTOL, Bankastræti.

Ford

Er kaupandi að Ford fólksbil, model 1934—1938, sem er í góðu lagi. Tilboð leggist inn á afg. blaðsins fyrir 18. þ. m., merkt: „Ford—35“.

Sekkjatrillur

margar gerðir.

Hamrar.
Naglbítir.
Sagir.
Heflar.
Skrúfjárn.
Sporjárn
o. m. fl.

Skápslamir,
yfirfelldar.

Skúffutippi
og höldur.

Hurðarlamir
fyrir inni- og
útihurðir.

Þjalir,
um 40 teg.

Niels Carlsson & Co h.f.

Sími: 2946.
Laugavegi 39.

Tvöfaldar kápur

og hvítar
BARNAKJUSUR
komnar aftur.

H. TOFT

Skólavörðustíg 5. Sími 1035.

Stúlku

vantar í

Kjötb. Sólvalla
Sólvallagötu 9.

Ungbarnafatnaður

heklarnur, til sölu.

Freyjugötu 42,
efst uppi.
Sími: 3010.

Amerískar flugvélar hafa gert árás á Hongkong og sökkt 4 skipuð við Kínastrendur.

Tilkynnt hefir verið í Vatikaninu, að sprengjum hafi verið varpað þrisvar á sumarbústað páfa í Castel Gandolfo fyrir sunnan Róm. Manntjón varð í síðustu árásinni.
★
Brezkur kafbátur er talinn af.